

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Úthlutun vor 2023

Styrkir á sviði menningar

Verkefni	Umsækjandi	Upphæð
Sumartónleikar í Skálholtskirkju <i>Sumartónleikarnir í Skálholti varpar ljósi á lítt þekkta barokksníllinga 17. aldar, og sýnir framtíð íslenskrar tónsköpunar. Barna og fjölskyldutónleikar með frumlegu sniði og yndislegt umhverfi Skálholts biður alla velkomna að kostnaðarlausu.</i>	Benedikt Kristjánsson	1.000.000
Fiðlufjör 2023 <i>Fiðlufjör er skemmtilegt fiðlunámskeið á Suðurlandi þar sem ungum tónlistarnemendum gefst einstakt tækifæri til að læra af framúrskarandi kennurum og fiðluleikurum, alls 14 talsins. Námskeiðið verður haldið í sjöunda sinn nú sem tvískipt námskeið, 8-11. júní 2023 fyrir Tilbrigðadeild og Aðaldeild Fiðlufjör og 7-9. júní 2023 fyrir Masterclass deild (framhaldsnemendur). Nemendur fá ný og skemmtileg verkefni, taka þátt í hóptímum, einkatímum, tónlistarsmiðjum, fá meðleikstíma og spila á tónleikum.</i>	Fiðlufjör slf.	800.000
Suðurlandsdjazz <i>Að bjóða upp á endurgjaldslausan, menningarlegan tónlistarviðburð fyrir alla fjölskylduna og gera jazzmúsíkina aðgengilega fyrir fólk á öllum aldri. Að hleypa meira lífi í laugardaga og sunnudaga á Suðurlandi.</i>	Sigurgeir Skafti Flosason	700.000
Skapandi sumarnámskeið <i>Á Hornafirði hefur ekki verið í boði skapandi sumarfrístund fyrir börn að neinu ráði en síðasta sumar gerði Hanna Dís Whitehead tilraun með slíkt í samstarfi við Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Í júní á að halda fjögur slík námskeið sem gefa börnum færi á að njóta þess að skapa og fá skipulagða listkennslu í viku í senn. Kennarar námskeiðs hafa fjölbreyttan bakgrunn og bjóða börnunum því upp á víðtæka fræðslu. Námskeiðið verður á Höfn einnig verður ferðast einn dag í Öræfi hvert námskeið.</i>	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	600.000

Project Eldfell	Vestmannaeyjabær	600.000
<i>Í ár eru liðin 50 ár frá myndun Eldfells í Heimaeyjargosinu 1973. Af því tilefni verður sett upp glæsileg og metnaðarfull myndlistarsýning með verkum listafólks frá mörgum löndum. Sýningin er viðamikil og verður sett upp í þremur sölum Safnahúss. Myndlistarmennirnir munu veita leiðsögn á auglýstum tímum fyrir heimamenn og gesti og eiga jafnframt samtal við nemendur GRV og myndlistarmenn sem hér starfa um vinnu sína og rannsóknir á náttúrunni og þeim áhrifum sem hún hefur á líf mannanna.</i>		
Bíó Loftið	Emil Örn Moravek Jóhannsson	600.000
<i>Markmið félagsins er að halda kvikmyndatengda viðburði í Sveitarfélaginu Hornafirði, með því að halda uppi bíósal með véllum sem standast nútíma kröfur í bíóheiminum og með því mun félagið standa að menningarviðburðum og stuðla að reglulegum kvikmyndasýningum í sal sem áður hefur hýst sýningar og er staðsettur í fyrrum félagsheimili og núverandi Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Héðan eftir kallast sýningarrýmið Bíó Loftið sem og félagasamtökin sem standa að sýningarrýminu.</i>		
JÓHANNA AF ÖRK (fyrrri hluti)	Hlynur Pálmason	500.000
<i>Markmiðið er að þróa handrit og smíða tökustað og leikmynd fyrir kvikmyndaverkefnið JÓHANNA AF ÖRK, ásamt því að byrja fanga stutt myndbrot af veðurbreytingum á tökustaðnum í Hornafirði yfir tvær árstíðir. Von okkar er að verkefni þetta hjálpi til við að efla fjölbreytta menningarstarfsemi og listsköpun á svæðinu, verði hvetjandi fyrir skapandi ungmenni á Suðurlandi og hafi jákvæð áhrif á krakka sem geta speglað sig í leikurum myndar (á aldri 11-15 ára), en mikill skortur er á slíku myndefni.</i>		
"Dálítil sjór"	Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir	500.000
<i>Verkefnið "Dálítil sjór" er ætlað að efla menningarstarfsemi á svæðinu og hvetja fólk til samstarfs og láta og gott af sér leiða. 4-6 erlendum og innlendum listamönnum er boðin þátttaka í listsýningu sem mun fara fram á óhefðbundnum sýningarstöðum á Eyrarbakka og nágrenni, svo sem skemmum, atvinnuhúsnæði, verkstæðum og geymslum. Listamennirnir dvelja saman í ákveðinn tíma, setja svip á lífið, mynda tengsl við heimafólk og koma með nýja ferska sýn á samfélagið.</i>		
Magn tímafars – Power of passage	Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir	500.000
<i>Magn tímafars-Power of Passage : An International Performance Festival er árlegur vettvangur fyrir gjörninga og tímatengda myndlist. Hátíðin er hreyfiafl innan myndlistar á alþjóðlegan mælikvarða sem staðsetur Suðurland á kortinu sem uppsprettu framsækinnar myndlistar í formi nýrra verka og óvæntra tilrauna af hálfu innlendra og erlendra listamanna sem náð hafa frumlegu valdi á hinum kröfuharða miðli.</i>		

Englar og menn – tónlistarhátíð í Strandakirkju 2023	Englar og menn ehf	500.000
<i>Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju 2023 stendur yfir fimm sunnudaga í júlímánuði. Fram koma fjölmargir þjóðþekktir tónlistarmenn á um klukkustundarlöngum tónleikum sem hefjast kl. 14. Þema hátíðarinnar er englar og menn, land, náttúra, trú og sagapar sem íslensk þjóðlög, sönglög og dægurlög, ástamt innlendum og erlendum trúarljóðum og klassískum verkum hljóma í flutningi landsþekkttra söngvara og hljóðfæraleikara.</i>		
FjallaLúðró	Lúðrasveit Vestmannaeyja	500.000
<i>Markmið verkefnisins er að viðhalda menningararfi og menningu almennt í Vestmannaeyjum. Sérstaklega með tilliti til starfs tónlistarhópa s.s. Lúðrasveita, kóra og annarrar tónlistartengdrar menningarstarfsemi. Það er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir tónlistarfólk að koma fram og þá er einnig mikilvægt að gefa heimamönnum færi á að koma fram með stærri nöfnum í tónlistarheiminum..</i>		
Sitthvað af konu- Sumarsýning	Byggðasafn Árnesinga	500.000
<i>Sumarsýningin „Sitthvað af konu“ hverfist um konur á Eyrarbakka með víða skírskotun. Yfir 40 konur birtast á sýningunni sem byggir á viðtalsbók Jónínu Óskarsdóttur. Hið hversdagslega verður upphafið og þrætt verður saman mannlífi, verkmenningu og hugarheimi heillar aldar í sýningu þar sem dýrgripir kvennanna stökkva fram úr sögum þeirra. Konurnar eru allar kenndar við húsið sitt og húsasaga þorpsins fær því sérstaka athygli í glæsilegri viðburðadagskrá safnsins yfir sumarið.</i>		
Drengurinn, fjöllin og Húsið	Byggðasafn Árnesinga	500.000
<i>Sýningin „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ fjallar um bernsku og unglingsár Ásgríms Jónssonar listmálara. Sýningin mun teygja sig víða um safnið og verður sett upp í borðstofunni, stásstofunni og á háaloftinu í Húsinu þar sem Ásgrímur markaði sín spor. Æska Ásgríms og dvöl hans í Húsinu á Eyrarbakka á mótunarárum sínum sem unglingsur er verðugt viðfangsefni safnsins sem safnar, rannsakar, varðveitir og miðlar sögu Árnessýslu. Miðlun sýningarinnar verður sniðin að „Ásgrímsleiðinni“.</i>		
Hátíðartónleikar á 60 ára vígsluafmæli Skálholtsdómkirkju	Jón Bjarnason	500.000
<i>Hátíðartónleikar á 60 ára afmæli vígslu Skálholtsdómkirkju. Skálholtskórinn ásamt kórfólki úr Rangárvallasýslu flytja hátíðlega tónlist með einsöngvurum og framúrskarandi hljóðfæraleikurum. Kórstjórar og organistar eru Jón Bjarnason og Guðjón Halldór Óskarsson. Vegleg tónlistarveisla á merkum tímamótum í sögu Skálholts.</i>		

- Hleðsluskólinn; Austur Meðalholt, Laxabakki** **Hannes Rúnar O Lárusson** **500.000**
Markmið verkefnisins er að viðhalda einstakri og aldagamalli handverksmenningu, sem lýtur að notkun á torfi, grjóti og jarðefnum í byggingu húsaveggja og þaka. með námskeiðum og vinnustofum sem hægt er að bjóða á lágmarksverði fyrir áhugafólk.
Vettvangur þessara námskeiða er endurbygging Laxabakka við Sog, þar sem unnið verður með úrvals hraungrýti, og endurreisn á torffjósi í Austur Meðalholtum þar sem reynir á flesta þætti í torfstungu og torfristu, og veggjarhleðslu úr torfi og grjóti.
- Litla hryllingsbúðin** **Aðalheiður M Gunnarsdóttir** **500.000**
Markmið verkefnisins er að byggja upp samsöngsdeild tónlistarskóla Rangæinga fyrir fullorðið fólk, byggja upp sjálfstraust, leik og sönggleði. Einnig að búa til skemmtun í samfélaginu þar sem almenningur getur komið og notið.
- Sögur úr Skálholti** **Skálholtsstaður** **500.000**
Saga Skálholts er mjög áhugaverð en staðurinn var höfðustaður Íslands um aldir. Margir sækja Skálholt heim til að kynna sér söguna, en þar er lítið sem tekur á móti gestum og fátt að sjá og heyra sem segir hina merku sögu staðarins. Verkefnið snýst um að kynna söguna fyrir gestum Skálholts með nýstárlegum hætti þannig að það höfði til sem flestra. Þróað verður kynningar- og fræðsluefni sem verður að lifandi leiðsögn kirkjuvarða, ratleikjum, hljóðleiðsögn og upplýsingaskilti fyrir börn.
- Sköpunarkraftur unga fólksins festur á filmu** **Lilja Össurardóttir** **400.000**
Námskeið er í leik- og kvikmyndalist fyrir nemendur Þjórskólans sem eru að klára 6. og 7. bekk. Þátttakendur vinna að eigin hugmyndum með stuttum atriðum sem verða leikin og tekin upp. Hæfileikar þeirra verða nýttir til að semja handrit að upptökum, semja dansa, til tónsmíða og leiklistar, en þessi hópur þekkist vel er og vanur að vinna saman. Stuttmyndin sem hópurinn býr til verður sýnd á sveitahátíð sveitarfélagsins, Upp í sveit, þann 17. júní.
- Sýningarhópur Dansakademiunnar** **Ástrós Guðjónsdóttir** **400.000**
Markmið Dansakademiunnar er að bjóða upp á sýningarhóp fyrir metnaðarfulla nemendur sem vilja æfa oft.
Sýningarhópur myndi æfa saman 5x í viku og fá tækifæri til að sýna á skólasýningum, taka þátt í undankeppni Dance World Cup á Íslandi og sýna á Barnamenningarhátíð í Hörpunni sem dæmi. Okkur langar að allir nemendur fái að njóta sín og því væri góð viðbót við starfsemina okkar að bjóða upp á afreksmiðaðra nám fyrir þá sem vilja, samhliða hefðbundnu tómsundanámi.

Túristi í landi birtunnar	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	400.000
<i>Í vor hófst sýningarröðin Jöklar í Listasafni Svavars Guðnasonar, þar sem jöklar eru skoðaðir sem menningarlegt fyrirbæri sem birtist okkur í ýmsum listformum, svo sem kvikmyndum, ljóðum, tónlist og síðast en ekki síst myndlist. Fyrsta sýningin, sem nú stendur yfir, er Blámi, en í henni fást Þorvarður Árnason, fræðimaður og ljósmyndari, ásamt Þórönnu Dögg Björnsdóttur, myndlista- og hljóðlistakonu við jökulinn í núinu. Jökullinn er tilkomumikið sjónarspil og ljósmyndir Þorvarðar ásamt hljóðmynd Þórönnu miðla honum til okkar. Þorvarður hefur rannsakað og skrifað um jökulinn í áraraðir, en sýningin sameinar bæði rannsóknir og listsköpun, miðlar bæði ægifygurð jökulsins og brothættan mikilfengleika hans á tímum hlýnunar.</i>		
Hvíld (fyrrri hluti)	Home Soil ehf	400.000
<i>Hvíld er metnaðarfull vídeó og hljóð innsetning með málverkum og skúlptúrsem og verður frumsýnd í Tabakalera Center for Contemporary Culture í San Sebastian. Vídeó innsetningin er kvikmynduð á 35mm Kodak filmu og skönnuð í 2K upplausn. Innsetning eitt og tvö sýna 300 metra filmubút af Öskju og Grímsvötnum þar sem við fljúgum í kringum þessar megin eldstöðvar. Einnig verða tíu minni vídeó innsetningar sem allar eru 120 metra. Hugmyndin er að sýna verkið á Suðurlandi eftir frumsýninguna úti.</i>		
Ásta- kvennasaga	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	400.000
<i>Íslenski þjóðbúningurinn, svanafjaðrir, gamlar ljósmyndir, allt eru þetta fyrirbæri sem koma fyrir í sýningu sem tengir saman landnámskonur og allar þær kynslóðir sem eftir þeim koma til dagsins í dag, saman við listasöguna. Sýningin er tileinkuð Ástu Eiríksdóttur, ekkju Svavars Guðnasonar, sem vann bæði sem saumakona og klæðskeri. Þó svo hún sé yfirleitt í skugga eiginmanns síns þá var listasafnið stofnað af hennar frumkvæði. Nú verða hennar þræðir raknir.</i>		
Rocky Horror	Leikfélag vestmannaeyja	400.000
<i>Að setja upp 10 leikýningar hið minnsta á verkinu Rocky Horror og styðja við hinsegin menningu og hinsegin umræðu innan samfélagsins út frá verkinu. Æfingartímabil hefst 13.febrúar og lýkur með frumsýningu 5.apríl. áætluð lokasýning er 6.mai</i>		
Kosmos Kaos – Einkasýning Ragnheiðar Jónsdóttur	Listasafn Árnesinga	400.000
<i>Árnesingurinn og ein ástsælasta listakona landsins Ragnheiður Jónsdóttir verður 90 ára í júlí 2023 og til að halda upp á það verður opnuð einkasýning í Listasafni Árnesinga í söllum 1-2 og 3. Sýningin heitir Kosmos - Kaos og mun vera yfirlitssýning yfir feikisterkan feril listakonunnar.</i>		

Hringsjá	Meningarmiðstöð Hornafjarðar	400.000
<i>Næturútvarp á Örfafjökli er eitt þekktasta málverkið af jöklinum, og þó er það framúrstefnulegt abstraktverk sem þarf töluvert ímyndunarafl til að tengja við jökulinn eða eldfjallið undir honum. Verkið sem Svavar Guðnason tileinkaði Jón Leifs er með hans þekktustu og mikilvægt í íslenski listasögu, en í þriðju og síðustu sýningunni í sýningarröðinni Jöklar er það fengið lánað frá Listasafni Íslands og sýning sköpuð í anda þess með aðferðum samtímalistar.</i>		
Leikrit – Galdrakarlinn í OZ	Leikfélag Hornafjarðar	400.000
<i>Að það sé gaman að búa í Hornafirði. Að veita íbúum Hornafjarðar góða og skemmtilega afþreyingu sem gefur ungum og öldnum töfrandi upplifun sem mun varðveitast í minninga bönkum til frambúðar. Að gefa fólki sem brennur fyrir listformi eins og leiklist, tónlist og dans, vettvang til að þróa og þroska áhuga sinn í jákvæðu samstarfi við gott fólki og byggja upp sjálfstraust sem leiðir til jákvæðra tengingu við búsetu á svæðinu. Að efla leiklistar áhuga og áhuga á afþreyingariðnaði því slíkt gef.</i>		
Gleðistundir að Kvoslæk 2023	Björn Bjarnason	400.000
<i>Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga er haldin á aðventu 2022 og margt þar til boða safngestum á öllum aldri. Jólasýning safnsins skartar gömlu jólaskrauti og gömlum spýtu jólatrám. Lesið verður úr nýjum bókmenntum og jólatónlist verður flutt.</i>		
Haustgildi menningar er matarkista, 2023 menningarviðburðir	Pétur Már Guðmundsson	400.000
<i>Markmið verkefnisins núna er að þróa Haustgildi, menning er matarkista áfram. Bæta við framleiðendum og þátttakendum. Skýra það sem er í boði og undirstrika þá ímynd og þau gildi sem Haustgildi vill standa fyrir og kom á framfæri á góðri vefsíðu. Styðja betur við menningarstarfsemina við ströndina og framleiðendum betri vettvang til að kynna sig og vörur sínar. Þjóða uppá metnaðarfulla dagskrá þar sem allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Kynna listamann Haustgildis 2023.</i>		
Íran/Ísland- einkasýning Jakobs Veigars Sigurðssonar	Listasafn Árnesinga	400.000
<i>Sýningin Íran / Ísland – Megi hönd þín vera heil, Jakob Veigar Sigurðsson í samstarfi við: Shanay Artemis Hubmann er viðamikil sýningarverkefni með listamanninum Jakob Veigari Sigurðssyni sem er frá Hveragerði. Hann býr og starfar í Vín í Austurríki en hefur síðustu ár dvalið mikið í Íran vegna tengsla þar við listamenn og sýningarstjóra.</i>		

Raddi úr Rangárþingi	Glódís Margrét Guðmundsdóttir	400.000
<i>Raddir eru gerðar til þess að heyrast. Við viljum að Raddir úr Rangárþingi ómi sem víðast en ekki síst í Rangárþingi. Við ætlum að gefa Rangæingum tækifæri til þess að koma fram á tónleikum undir handleiðslu listræns stjórnanda svo raddir þeirra fylli loftið gleði. Við ætlum ekki síst að leita til fjölmenningsarsamfélagsins því þar erum við þess handviss að leynist sterkar raddir sem bíða eftir að fá að koma fram. Tónleikarnir styðja við listsköpun og fjölbreytt menningarlíf.</i>		
Snjallvæðing fornra ferðaleiða sem nýrra útivistarleiða	Kirkjubæjarstofa	400.000
<i>Unnið verður að snjallvæðingu þjóðleiða og annarra fornra ferðaleiða sem hnitsettar hafa verið í Skaftárhreppi. Afurðin verður greiður aðgangur almennings að upplýsingum um leiðirnar í gegnum gönguleiðasmáforrit fyrir snjallsíma. Helstu upplýsingar verða; hnitsettir slóðar, leiðarlýsingar, ljósmyndir, sögur og fræðslumolar um jarðfræði og náttúru svæðisins sem gengið er um.</i>		
Langspilsvaka 2023	Eyjólfur Eyjólfsson	350.000
<i>Langspilsvaka 2023 í Þjórsárverri í Villingaholti er tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu. Langspilsvakan er einnig uppskeruhátíð nemenda í 5. bekk í Flóaskóla, en þetta er þriðji veturinn sem nemendurnir smíða langspil í samvinnu við FabLab á Selfossi undir leiðsögn Eyjólfssonar og Magnúsar Stephensen FabLab-stjóra. Langspilssmíði 5. bekkjar er framhald langspilssmíðaverkefnisins sem hófst árið 2018 og var styrt af SASS.</i>		
Menningarvitar í Árborg	Auður Ingibjörg Ottesen	350.000
<i>Menningarganga listamanna í Árborg verður haldin í annað sinn, laugardaginn 14. október 2023. Hún er einn af viðburðunum í Menningamánuðinum í október sem sveitarfélagið stendur að. Menningargöngunni er ætlað vekja athygli á listamönnum í sveitarfélaginu. Gefa íbúum í Árborg og gestum hvaðanæva af landinu og ekki síður erlendum ferðamönnum tækifæri til að sækja listamenn heim, á heimili þeirra, vinnustofur, í gallerí. Sótt er einnig um styrk til að efla fésbókarsíðuna "Menningarvitar í Árborg".</i>		
Midgard tónleikaröð	Midgard Adventure ehf	350.000
<i>Tónleikaröð hjá Midgard með blöndu af frægu tónlistarfólki og ungu tónlistarfólki af Suðurlandi. Með verkefninu viljum við gera gott menningarlíf Suðurlands enn fjölbreyttara. Við viljum styðja við listsköpun íbúa og jafnframt bjóða íbúum upp á tónlistarviðburði. Samfélag með áhugaverða menningarviðburði laðar jafnframt að nýja íbúa og við viljum auðvitað hjálpa til við að gera samfélag okkar enn betra.</i>		

- | | | |
|--|---|----------------|
| Sumarnámskeið Listasafns Árnesinga | Listasafn Árnesinga | 300.000 |
| <i>Sumarnámskeið í myndlist fyrir börn, unglinga og fullorðna með Írisi Lind, Thomasine Giesecke og Örn Tönsberg á Listasafni Árnesinga sumarið 2023. Námskeiðin eru vikulöng hvert fyrir sig.</i> | | |
| Listdanskóli Hafnar – sumarnámskeið fyrir börn. | Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson | 300.000 |
| <i>Áframhaldandi starfsemi í Brimrót. Upplestrar, námskeið, bíókvöld. Sérstaklega hugað að söfnum og miðlun heimilda af ýmsu tagi. Annars vegar á nýrri uppfærðri vefsíðu stökkseyri.is og annála útgáfu í bókaformi hins vegar. Menningarstarfsemi í Brimrót og víðar á Stökkseyri mikilvæg. Að koma því á framfæri er líka verðugt verkefni sem þarf að gefa gaum. Vinnuaðstaða fyrir barnabókahöfunda.</i> | | |
| Tónlist undir Fjöllum | Valborg Ólafsdóttir | 300.000 |
| <i>Markmið verkefnisins er að stuðla aukinni uppbyggingu tónlistarlífs undir Eyjafjöllum. Miðað er að því að virkja stelpur, 9-12 ára, til tónsköpunar, frumkvæðis og samvinnu með því að skapa öruggt rými þar sem þátttakendum er gefið tækifæri til að læra, prófa sig áfram og leyfa sköpunargleðinni að stýra ferðinni. Í ferlinu fá þær færi á að spegla sig í eldri tónlistarkonum sem og jafnöldrum sínum, en það teljum við mikilvæga forsendu þess að stuðla að aukinni þátttöku kvenna á vettvangi tónlistar.</i> | | |
| Litla Hryllingsbúðin | Leikfélag Hveragerðis | 300.000 |
| <i>Litla Hryllingsbúðin er einn vinsælasti söngleikur síðari tíma. Hefur verið sýndur í lekhúsum um víða veröld. Gerð hefur verið kvikmynd byggð á verkinu. Hver kannst ekki við sadista tannlækninn sem Laddi lék svo eftirminnileg á sínum tíma, eða þá sísvöngu plöntuna?.</i> | | |
| Höfundakynningar Konubókastofu | Konubókastofan, félagasamtök | 300.000 |
| <i>Konubókastofa stendur fyrir höfundakynningum veturinn 2023-2024. Þar munu jafn þekktir höfundar sem óþekktir koma fram og kynna sig og verk sín. Sérstök áhersla verður á þeim sem eru að byrja að semja og langar að koma sér á framfæri í notalegu og öruggu umhverfi. Þessi kvöld verða einu sinni í mánuði yfir veturinn. Lögð verður áhersla á að greiða höfundum fyrir vinnu sína samkvæmt taxta Rithöfundasambands Íslands.</i> | | |
| Hljómey- tónlistarhátíð | Guðmundur Jóhann Árnason | 300.000 |
| <i>Hljómey tónlistarhátíð er hátíð þar sem ýmsir listamenn spila í heimahúsum íbúa Vestmannaeyja. Eyjamenn eru þekktir fyrir gestrisni og ætla þeir að opna stofur sínar og leyfa gestum hátíðarinnar að njóa fyrsta flokks tónlistar, frá öllum sviðum, í rólegu og fallegu umhverfi heima hjá sér.</i> | | |

- Hverra manna er þessi Rangæingur ?** **Héraðsskjalasafn Árnesinga** **300.000**
Héraðsskjalasafn Árnesinga varðveitir rúmlega 77.000 ljósmyndir frá ljósmyndaranum Ottó Eyfjörð sem starfaði á Hvolsvelli. Megin markmið verkefnisins er að fækka ógreindum ljósmyndum úr hans myndasafni. Ætlunin er að halda átta samstarfsfundi um greiningu á ljósmyndum í Rangárþingi eystra í samstarfi við sveitarfélagið. Fundartarnir hafa verið haldnar árlega í sveitarfélaginu frá árinu 2020 og hafa fundirnir svo sannarlega fest sig í sessi og verið vinsælir.
- Vor við sæinn** **Vestmannaeyjabær** **250.000**
Oddgeir Kristjánsson er eitt af ástkærustu tónskáldum Vestmannaeyja, landshlutans og þótt víðar væri leitað. Nýlega áskotnaðist Sagnheimum píanó Oddgeirs. Af því tilefni stendur til að setja upp veglega dagskrá til heiðurs Oddgeiri þar sem leitast verður við að gera minningu hans hátt undir höfði í töluðu máli og með tónlistarflutningi. Dagskráin verður unnin í samráði við afkomendur Oddgeirs og Kristínu Ástgeirsdóttur, sem gaf út bók um ævi Oddgeirs á 110 ára afmæli hans þann 16. nóvember 2021.
- Vortónleikar Jórukórsins** **Helga Guðrún Lárusdóttir** **250.000**
Vortónleikar Jórukórsins, undir stjórn Unnar Birnu Björnsdóttur. Á tónleikunum, sem verða léttir og fjörugir, verður afrakstur vetrarins og kvennakóramóts sýndur í Félagslundu.
- Náttúra og friður – Samstarf við kóra á Suðurlandi** **Bakkastofa ehf** **250.000**
Markmið er að virkja hinn dýrmæta lagabálk Valgeirs Guðjónssonar, tón- og textaskálds, í samstarfi við kórstjóra/organista á Suðurlandi og að auka fjölbreytni og endurnýjun laga þeirra til flutnings. Einnig með tónleikahaldi í Eyrarbakkakirkju í kringum Páska, þar sem lagavalið "friður og náttúruvernd" er í öndvegi. Samstarf við Selfoskirkju mun halda áfram en við bætist aukið samstarf, meðal annars við kórstjóra Karla Kórs Selfoss.
- Söngheilun eldri borgara** **Stefán Örn Viðarsson** **250.000**
Markmið verkefnisins er að fá hópa fólks á dvalarheimilum á suðurlandi til að ná fram heilun með því að virkja minningar, tilfinningar, röddina og líkamann allann með söng og textum.
- Töfrandi tónar** **Íris Beata Dudziak** **250.000**
Verkefnið er hugsað sem sumarvinna þar sem þátttakendur æfa tónverk og setja saman tónleikaskrá. Á dagskrá verða þekkt tónverk, til að mynda þekkt verk og klassísk sönglög með píanóundirleik. Heimsótt verða dvalarheimili á Suðurlandi og verkin flutt sem æfð hafa verið. Að lokum verða haldnir opnir tónleikar þar sem sú sama tónlist verður flutt.

Óður til móður **Brynja Ósk Rúnarsdóttir** **200.000**
Verkefnið „Óður til móður“ opnar á afrakstur sjálfsvinnu í djúpu trausti og styrk frá elementunum fjórum vatn, eldur, jörð og loft. Ljósmyndirnar sýna ferli endurfæðingar. Árið 2022 fór ég til Mexíkó og endurfæddist. Ljósmyndasýningin verður sett upp með ljóðum Hörpu Rúnar Kristjánsdóttir. Markmiðið er að sýningin verði sett upp 14. maí á mæðradaginn.

Nýjir HEIMILISTÓNAR á tímamótum. **Vestmannaeyjabær** **200.000**
Nýir og gamlir söngvar og textar hinnar einstöku kvennahljómsveit "Heimilistónar" verður hin besta skemmtun. Sveitin mun kynna og frumflytja lag sem er sérstaklega samið í tilefni af því að 50 ár eru frá Heimaeyjargosinu. Þetta verður án efa einn af hápunktum hátíðarhalds á Suðurlandi í ár. Þetta verða tónleikar sem auðga svo sannarlega menningarlífið á Suðurlandi. Heimilistónar eiga líka sterk tengsl við Suðurland með Eyja leik og söngkonunni Elvu Ósk Ólafsdóttur í broddi fylkingar.

Mey – Kraftur kvenna á Heimaey **Minna Ágústsdóttir** **200.000**
Viska stendur fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og erindum fyrir fólk í Vestmannaeyjum og víðar. Hjá Visku viljum við útvíkka hlutverkið með samþættingu ferðatengdrar menningar og fræðslu. Markmiðið með ráðstefnunni er að sameina konur og gefa þeim tækifæri á viðburði sem þessum í Vestmannaeyjum. Veita konum innblástur, styrkja, gleðja og valdefla. Lengja ferðamannatímabilið og efla vetrarferðamennsku með því að bæta við viðburði utan háannatíma.

Styrkir á sviði atvinnu og nýsköpunar

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Upphæð
Hreppamjólk með aukinn melatónínstyrk <i>Markmið verkefnisins er að kanna fýsileika þess að þróa Hreppamjólk með aukinn, skilgreindan styrk á melatóníni pg/mL. Ef niðurstöður gefa tilefni til yrði næsta skref að þróa Hreppamjólk með aukinn melatónínstyrk og markaðsetja sem heilsueflandi vöru. Í þessu hálfárs verkefni á að setja upp mæliaðferð hjá Matís til að mæla styrk melatóníns í kúamjólki í einingunni pg/mL. Það á að kanna einstaklingsbreytileika á milli kúa varðandi framleiðslu á melatóníni við ákveðin birtuskilyrði.</i>	Fjölskyldubúið ehf.	2.000.000
Recoma Packwall Byggingaplötur <i>RECOMA gefur sorpi nýtt líf og umbreytir því í endingargóðar byggingarplötur sem eru án aukaefna og geta komið í staðin fyrir hefðbundnar byggingarplötur.</i>	Sighvatur Lárusson	2.000.000
Krispa Fish Snack <i>Krispa Fisk Snakk er þurkaður fiskur í mjög þunnu flögu formi álíka og kartöflu flögur í útlyti og áferð. Til að byrja með verða til 3 bragtegundir: Jalapeno, Bacalao og Lax. Flögurnar eru mjög kríspí og er gott að borða þær annaðhvort bara eins og þær eru enn líka með ídífum frekar enn smjöri eins og hefðbundinn harðfiskur.</i>	Alda Björk Ólafsdóttir	1.500.000
Tilraunaræktun á fjórum afbrigðum humla í vatnsræktunarkerfi <i>Flutt verða inn 4 afbrigði jarðstöngla af humlaplöntunni (<i>Humilus lupinus</i>) frá Bretlandi og þeim komið fyrir í tilraunaræktun í húsnæði við Hafnarskeið í Ölfusi. Húsið verður sett upp með vatnsræktunarkerfi og ljósstýringarþúáði. Markmiðið er að ná tókum á ræktuninni áður en farið er af stað í að skala verkefnið upp ásamt því að mismunandi afbrigði humla verða borin saman með tilliti til gæða og hentugleika til ræktunar við þessar aðstæður.</i>	Ölfus Cluster ses.	1.500.000
Smiðjan Brugghús – Bjór Snyrtivörur <i>Smiðjan brugghús ætlar að opna bjórböð og til að hámarka upplifun viðskiptavinarins ætlum við að koma með á markað snyrtivörur unnar úr aðal innihaldsefnum bjórs. Humlar ger og vatn er undirstaða í allri bjórgerð en það sem færri vita eru þau jákvæðu áhrif sem þessi innihaldsefni hafa á húð. Snyrtivörur með bjórtengdum innihaldsefnum hafa ekki verið framleiddar á Íslandi og fáir sérhæfa sig í þeim erlendis.</i>	Smiðjan brugghús ehf.	1.500.000

Íslensk fururtré – eiginleikar og virkni til jurtalækninga	Katrín Erla Kjartansdóttir	1.500.000
<i>Söfnun á furunálum til framleiðslu fyrir veig og te verði tilbúið til sölu og dreifingar á þessu ári. Hönnunarvinna fyrir umbúðir á furuveig er framundan, hanna logo og textagerð, vefsíðu og önnur markaðstól til kynningar. Framleiðslulínan er að verða tilbúin með réttum tækjum og búnaði. Innflutningur á réttum glerjum og búnaði er búið að velja.</i>		
Vínland Vínekra & Spa	Margrét Polly Hansen Hauksdóttir	1.500.000
<i>Markmið verkefnisins er að nýta auðlindir og reynslu Íslendinga í nýtingu heita vatnsins í gróðurhúsaræktun, og færa það uppá ennþá hærra plan; Víngerð.</i> <i>Við viljum búa til freyðivín í fyrsta sinn á Íslandi, í heimabyggðinni okkar, Ölfusi.</i> <i>Vínrækt er að færast meira norður vegna hlýnunar jarðar og hafa lönd eins og Finnland og Kanada byrjað að rækta vínvið í gróðurhúsum. Víngerð er stór landbúnaður á heimsvísu og tími til kominn að Ísland taki þátt í honum.</i>		
Þorskroðsflögur	Gmatt ehf.	1.200.000
<i>Verkefnið gengur út á að þróa og markaðssetja þorskroðflögur sem heilsusamlegan og sjálfbæran valkost. Styrkurinn mun nýtast til vöruþróunar og þróunar á umbúðum til þess að koma vörunni á markað. Varan verður í boði fyrir breiðan hóp neytenda því varan virkar vel í smásölu vegna góðs geymsluskilyrða og krefst hvorki kælingar né frystingar.</i>		
Smjer á nýja markaði	Smjer ehf	1.100.000
<i>1. Að klára vöruþróun og markaðssetningu á þriðja Smjerinu í tríoínu Smjer Béarnaise - Smjer Poró og Smjer Hollandaise</i> <i>2 Gera áættun og koma á samstarfi við aðila erlendis um útflutning á vörum fyrirtækisins sem felur í sér meðal annars; greiningar á markaði, samstarfsaðilum, verðlagningu, dreifileiðum, aðferðafræði við inngöngu, hindrunum, greiningu á regluverki, leyta ráðgjafar ofl.</i> <i>3. Að besta framleiðslu og koma henni í þann farveg að hún verði sem hakvæmust og geti annað aukinni eftirspurn.</i>		
Hringrásarhús- leiðarvísir til framtíðar	Valdimar Jónsson.	1.000.000
<i>Með verkefninu viljum við styðja við hringrásarhagkerfið og horfa sérstaklega til mannvirkjagerðar á Suðurlandi. Verkefnið snýst um að þróa aðferðir til að nýta betur það efni sem til fellur við framleiðslu yleininga hjá Límtré Vírnet, sem í dag fara í urðun. Við vonumst til að verkefnið geti haft áhrif á breytingar í átt að meiri sveigjanleika tengt hringrásarhagkerfis í mannvirkjagerð.</i>		

Frís – Frostþurrkaður ís framleiddur í

Vestmannaeyjum

Aldingróður ehf.

1.000.000

Með því að frostþurrka ís getum við mögulega breytt upplifun neytandans úr því að þurfa að neyta vörunnar á innan við 20 mín. Hvernig hljómar það ef við teljum okkur geta gert einskonar souvenir/minjagrip úr ísnum. Þú einfaldlega kaupir þína uppáhalds bragðtegund, frostþurrkaðan ís, í fallegum pakkningum. Og tekur með þér heim til Reykjavíkur, Bandaríkjana eða borðar upp á hótélherbergi. Frís, frostþurrkaður ís, verður að þurrvöru og á að geymast upp í nammiskáp, ekki í frysti.

ERF Consilio Hornfirskt handverk – Næsta skref í

ferlinu

Niels Brimar Jónsson

800.000

ERF Consilio handverk hefur notið talsverðra vinsælda, það má segja mun meiri en umsækjandi gerði nokkurn tíman ráð fyrir. Því tel ég það rétta tímann að auka afköst í framleiðslu og koma því á næsta "level". Til þess að það geti átt sér stað þarf ég að full hanna "logo" vörulínunnar, hanna merkimiða á umbúðir og að sjálfsögðu hanna eða velja umbúðir utan um vöruna svo ég geti komið henni í verslanir. Með styrkveitingu frá ykkur tel ég öruggt að það geti orðið að veruleika.

Sólberjaræktun til matvælaframleiðslu

Nils Guðjón Guðjónsson

700.000

Verkefnið snýst um að hefja markvissa sólberjaræktun og ná afurðum af plöntunni, bæði berjum og laufum til vöruþróunar á frekari matvælaframleiðslu.